

Ed. 230. Frumvarp til laga

um ábyrgð á lyfjagerð og á afgreiðslu lyfja.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Lyfsali og forstöðumaður lyfjabúðar sætir refsingu sem opinberir starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi í starfi sínu.

2. gr.

Lyfsali og forstöðumaður lyfjabúðar sætir refsingu, sem opinberir starfsmenn, fyrir brot í starfi sínu. Auk þess má dæma lyfsöluleyfi af lyfsala og rétt til forstöðu lyfjabúðar af öðrum forstöðumönnum lyfjabúða, ef brot er itrekað eða stórfellt.

Sá, er þrisvar hefur verið dæmdur til refsingar samkvæmt lögum þessum, hefur jafnan fyrirgert heimild sinni samkvæmt þessari grein.

Nú verður misferli um gerð eða afhendingu lyfs í lyfjabúð og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, og skal þá refsing mælt lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, nema það sannist, að annar maður sé sekur og að lyfsali eða forstöðumaður eigi enga sök þar á.

3. gr.

Lyfjasveinar og sérfróðir aðstoðarmenn í lyfjabúðum sæti refsingu eftir sömu reglum sem opinberir starfsmenn fyrir brot í starfi sínu. Um sviptingu heimildar til rækslu starfans fer með samsvarandi hætti sem í 1. og 2. málsg. 2. gr. segir, og um refsíábyrgð þeirra vegna misferla þeirra, sem þeir eru yfir settir, fer með samsvarandi hætti og í 3. málsg. 2. gr. segir.

4. gr.

Landlæknir skal láta festa eitt eintak af lögum þessum upp í hverri lyfjabúð á landi hér, þar er almenningur megi kynna sér þau.

Ef maður tekur burt uppfest eintak, rýfur það eða gerir ólæsilegt að einhverju leyti eða öllu, þá varðar það 100—1000 króna sektum.

5. gr.

Refsimál samkvæmt lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er flutt af því tilefni, að hættuleg mistök hafa orðið í einni af lyfjabúðum landsins, án þess að upplýst fengizt, hver væri persónlega að þeim valdur, en ákærvaldið taldi þá ekki lagaákvæði fyrir hendi, er entust til þess að koma fram ábyrgð fyrir mistökin. Með því að við svo húið virðist ekki mega standa, er farið fram á þessa lagasetningu til bráðabirgða, unz sett verða heildarlög um lyfjasöluna, sem nú eru í undirbúningi og að sjálfsögðu verða látin taka til þessa atriðis.